

ADHD samtökin



Ársskýrsla árið 2011

Skýrsla stjórnar ADHD samtakanna 2011

Starfsemi ADHD samtakanna var mjög blómleg árið 2011 og mikið um að vera. ADHD samtökin voru mjög sýnileg í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD sem og fjölskyldna þeirra. Ingibjörg Karlsdóttir, sem hafði í nær áratug leitt starfsemi samtakanna sem bæði sem formaður og starfandi framkvæmdastjóri, lét af störfum sem framkvæmdastjóri í byrjun árs. Kunnum við henni bestu þakkir fyrir allt það frábæra starf sem hún hefur innt af hendi í þágu samtakanna.

Ellen Calmon hóf störf sem framkvæmdastjóri samtakanna þann 1. febrúar en Ellen hefur mikla reynslu innan stjórnsýslunnar, auk þess að vera menntaður kennari með mikinn áhuga á ADHD.

Yfirlit yfir það helsta í starfi samtakanna 2011 :

- Fræðslunámskeið fyrir foreldra barna og unglunga voru haldin bæði á vorönn og haustönn
- Námskeiðið: Skólaganga barna með ADHD fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla var haldið í Reykjavík á haustönn
- Fræðslufyrirlestrarröð fyrir fullorðna tvisvar í mánuði á vorönn
- Reglulegir spjallfundir fyrir bæði fullorðna og foreldra barna með ADHD
- Útgáfa 4 nýrra bæklinga:



Hvað er ADHD?



Börn með ADHD



Fullorðnir með ADHD



Stúlkur með ADHD

- Útgáfa fréttablaðs
- Námskeið fyrir fagfólk Dr. Laura Riffel
- ADHD vitundarvika „**Athygli-já takk!**“
 - Auglýsinga og fjölmiðlaherferð
 - Málþing
 - Opnun nýrrar heimasíðu
 - Fræðslupakki með glærum var sendur á alla grunnskóla og fjallaði um **ADHD utan skólastofunnar**
 - Sala endurskinsmerkja með teikningum eftir Huggleik Dagsson
 - Þýðing danskra myndbanda um ungmenni með ADHD
- Ferð stjórnarmeðlima á ADHD ráðstefnu í Berlín
- Fræðslufyrirlestur fyrir fangaverði og aðra starfsmenn á Bitru og Litla Hrauni.
- Fræðslufyrirlestur um ADHD fyrir nemendur á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Námskeið á Ísafirði fyrir kennara, leikskólakennara og annað starfsfólk.
- Fyrirlestur fyrir kennara Stóru-Tjarnarskóla.
- Námskeið fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla í Garðbæ og Egilsstöðum.
- Undirbúningsvinna hafinn fyrir gerð heimildarmyndar um ADHD.
- Undirbúningsvinna fyrir gerð sjálfshjálparbæklinga fyrir börn með ADHD.

Starfsmannamál

Ingibjörg Karlsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna 1. febrúar 2011 eftir langan og farsælan feril og kunnum við henni hinar bestu þakkir fyrir allt sem hún hefur áorkað fyrir ADHD samtökin og ekki síður fyrir óeigingjarnt starf í þágu málflokksins í heild.

Ellen Calmon hóf störf sem framkvæmdastjóri þann 1. febrúar í 50% stöðugildi. Gekk henni vel að setja sig inn í starfið og hóf fljótlega að skoða hvernig ADHD samtökin gætu hagrætt í rekstri. Hún náði fljótlega að gera mikla hagræðingu á rekstrinum, meðal annars með breytingu á símaþjónustu, tölvuþjónustu, hætta rekstri á skráningarkerfi félaga og taka þess í stað upp skráningu í gegnum nýja heimasíðu. Leitað var tilboða í símkerfi og heimasíðu og náðust hagstæðari samningar. Þá var ráðinn nýr bókarari á árinu, Nanna Marinósdóttir, en samningur við hana var einnig hagstæðari en sá samningur sem var í gildi við fyrri bókarara. Einnig var sagt upp samningi um posaleigu.

Elín Sigurðardóttir lét af störfum sem ritari í lok maí og kunnum við henni bestu þakkir fyrir hennar störf.

Hulda Hlín Magnúsdóttir var ráðin með aðstoð Vinnumálastofnunar í átaksverkefni sem fræðslufulltrúi samtakanna í 50 % stöðugildi 1. júní. Helstu verkefni Huldu Hlínar voru að halda utan um námskeið, skrá og auglýsa. Auk þess sá hún um að yfirfæra efni af gömlu heimasíðunni yfir á þá nýju, ásamt því að svara í síma. Samtökin fengu mánaðarlega upphæð sem samsvarar atvinnuleysisbótum greidda frá Vinnumálastofnun vegna ráðningar Huldu Hlínar í 6 mánuði.

Ellen Calmon framkvæmdastjóri fór í fæðingarorlof 1. ágúst og Björk Þórarinsdóttir formaður og Elín Hoe Hinriksdóttir varaformaður leystu hana af í orlofinu. Ellen var þó vakin og sofin yfir samtökunum meðan hún var í fæðingarorlofi og var allan tímann í fullu samstarfi við þær og nýttist þekking og reynsla hennar sem menningarfulltrúa sérstaklega vel þegar kom að kynningarherferðinni í ADHD vitundarvikunni.

Áherslur í starfi samtakanna

Vormánuðir einkenndust mikið af neikvæðri umfjöllun um rítalín og lyfjamisnotkun í fjölmiðlum og fór mikill tími formanns og framkvæmdastjóra í að sinna fjölmiðlum, koma réttum upplýsingum á framfæri, fara í viðtöl í sjónvarpi, útvarpi og öðrum miðlum.

Í júní áttu formaður og framkvæmdastjóri góðan fund með Láru Björnsdóttur í velferðarráðuneytinu þar sem upplýst var um starfsemi ADHD samtakanna, framtíðarsýn og helstu baráttumál sem sett hafa verið á oddinn þetta árið.

Þá var leitast eftir samstarfi ráðuneytisins vegna verkefna í evrópskri vitundarviku sem halda átti í september 2011.

ADHD vitundarvika *Athygli já takk*

Samevrópsk ADHD vitundarvika var haldin 18.-23. september og ákváðu ADHD samtökin að standa fyrir henni á Íslandi undir slagorðinu „**ATHYGLI, JÁ TAKK**“ Það var liður í því að auka þekkingu og skilning á ADHD í samfélaginu og eyða fordómum.

Staðið var fyrir öflugri auglýsingaherferð og kynningartaki í fjölmiðlum undir slagorðunum:

„**Skilningur skiptir máli og stuðningur skapar sigurvegara**“

Markmið ADHD vitundarvikunnar var að auka þekkingu almennings á ADHD, eyða fordómum, auka skilning og efla stuðning við fólk með ADHD með opinskárrri og skammarlausri umfjöllun. Ennfremur var lögð áhersla á hversu mikilvægt er að einstaklingar með ADHD mæti skilningi og njóti stuðnings í samfélaginu, því stuðningur skapar sigurvegara.

Vitundarvikan hófst með fréttamannafundi í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem borgarstjórinn Jón Gnarr keypti fyrstu þrjú ADHD endurskinsmerkin við skemmtilega athöfn. Endurskinsmerkin bera skemmtilegar og meinfyndnar teikningar Hugleiks Dagssonar og var hann að sjálfsögðu á staðnum og hengdi merkin á borgarstjóra. Við það tilefni lagði Jón Gnarr áherslu á að einstaklingar ættu ekki að skammast sín fyrir hverjir þeir eru og hvernig þeir eru, en þess ber að geta að hann er sjálfur greindur með ADHD. Við þessa athöfn kom ADHD bandið fram og flutti leikandi og skemmtilegan jassbræðing.

Öllum grunnskólum landsins var sendur fræðslupakki sem fjallaði um þá erfiðleika sem mörg börn með ADHD glíma við utan kennslustofunnar. Fræðslan, sem var glærusýning, innihélt almennar upplýsingar um ADHD, um þá erfiðleika sem börn með ADHD mæta og nokkur hagnýt ráð, ásamt því að kynna leiðir til stuðnings við þessi börn í aðstæðum utan kennslustofunnar.

Fjórir nýir bæklingar um ADHD litu dagsins ljós og voru þeir sendir til allra heilsugæslustöðva á landinu og til félagsþjónustu sveitarfélaga um allt land. Bæklingarnir bera heitin: Hvað er ADHD?, Börn & ADHD, Fullorðnir & ADHD og Stúlkur & ADHD, vonast ADHD samtökin eftir því að þeir eigi eftir að koma að góðum notum.

Vitundarvikunni lauk síðan með málþingi 23. september í samstarfi við Velferðarráðuneytið undir yfirskriftinni **Nýjar lausnir- Ný sýn.**

Velferðarráðherra setti málþingið og voru meðal annars kynnt þar verkefni sem sveitarfélögin hafa staðið að til bættrar þjónustu við börn með ADHD. Einnig var Ingibjörg Karlsdóttir fyrrverandi formaður og framkvæmdastjóri samtakanna heiðruð og henni þökkuð óeigingjörn störf í þágu samtakanna. Málþingið var mjög vel sótt af rúmlega hundrað manns víða af landinu.

Eins og áður er getið voru einnig í vitundarvikunni seld endurskinsmerki með teikningum eftir Hugleik Dagsson til fjáröflunar starfsemi samtakanna. Ýmsir aðilar styrktu ADHD samtökin í vitundarvikunni. Þ.á.m. Expo, Norvik, Krónan og Velferðarráðuneytið.

Breyting til batnaðar námskeið Dr Lauru Riffel

Þann 20. október héldu ADHD samtökin námskeið með fyrirlesaranum Dr. Lauru Riffel um markvissar aðferðir til að taka á erfiðri hegðun barna á jákvæðan hátt. Dr. Riffel er virtur fræðimaður og fyrirlesari í Bandaríkjunum og víðar með yfir 30 ára reynslu í hegðunarmótandi aðferðum krefjandi barna.

Námskeiðið sem var ætlað foreldrum, ættingjum, starfsfólki skóla og öðrum sem starfa með börnum, var mjög vel sótt. Gerður var góður rómur að skemmtilegri og faglegri nálgun Dr. Riffel um hvernig hægt er að takast á við erfiða hegðun og forðast aðferðir sem ýta undir erfiða hegðun ásamt kennslu í árangursríkum aðferðum til að vinna með börn með hegðunarblanda á jákvæðan hátt.

Samnorrænn fundur

Samnorræni fundur allra ADHD félaganna á Norðurlöndunum var haldinn í Kaupmannahöfn þetta árið og sóttu fundinn undirrituð formaður samtakanna Björk Þórarinsdóttir ásamt Elínu Hoe Hinriksdóttur varaformanni.

Auk hefðbundinna fundarstarfa, þar sem félögin kynntu það sem markvert var að gerast í málefnum ADHD samtakanna í sínum löndum, þá hafði Danmörk skemmtilegan fyrirlestur um hvernig þau hafa staðið að fjáröflun eftir óhefðbundnum leiðum.

Í framhaldi af því var svo farið í hópavinnu hvernig ADHD samtök allra Norðurlandanna gætu staðið að sameiginlegu kynningar- og markaðsátaki með það fyrir augum að leitast eftir styrkjum til fyrirtækja ættu það sammerkt að starfa á öllum Norðurlöndunum.

Dönsku ADHD samtökin buðust síðan til þess að vinna frekar úr þessari hugmyndavinnu en ekki reyndist áhugi fyrir því hjá öllum löndunum þannig að það sú tillaga var felld. Fannst okkur Íslendingunum það miður, þar sem við hér á Íslandi erum svo smá í samanburði við hin Norðurlöndin og aðgangur okkar að fjármagni svo miklu takmarkaðri.

Í kjölfarið buðu því dönsku samtökin okkur að nota allt það efni sem þau hafa látið útbúa fyrir sig og eiga í handraðanum.

ADHD ráðstefna í Berlín

Fjórir stjórnarmeðlimir ásamt formanni ADHD samtakanna fóru á eigin vegum á ráðstefnu í Berlín í maí 2011. Þetta var þriðja alþjóðlega ráðstefnan um ADHD frá barnæsku til fullorðinsára.

Þarna voru saman komnir margir helstu sérfræðingar heims í ADHD.

Dagskrá ráðstefnunnar var áhugaverð og mjög fjölbreytileg og sagt var frá mörgum athyglisverðum rannsóknarniðurstöðum.

Meðal helstu umfjöllunarefna voru; greining ADHD, þróun röskunar frá barnæsku til fullorðinsára, taugalíffræðilegir þættir og kenningar um orsakir ADHD, meðferð með og án lyfja, áhættuþættir einstaklinga með ADHD, starfsemi heilans og fylgiraskanir.

Stjórn samtakanna 2011

Þær breytingar urðu á aðalfundi 2011 að Gréta Jónsdóttir hætti í stjórn félagsins og kunnum við henni bestu þakkir fyrir hennar störf.

Elín Hoe Hinriksdóttir kom aftur inn í stjórn og Arndís Sævarsdóttir kom ný inn sem varmaður.

Smá hrókeringar urðu einnig í stjórninni því Kristjana Ólafsdóttir sem gengt hefur ýmsu störfum í stjórn samtakanna síðastliðin ár ákvað nú að gefa nú að draga sig í hlé og gaf því kost á sér sem varamanni, kunnum við Kristjönu hinar bestu þakkir fyrir störf hennar í gegnum árin.

Elín Hrefna Garðarsdóttir og Garðar Agnarsson komu því inn sem aðalmenn í stjórn.

Stjórnin skipti því með sér störfum á eftirfarandi hátt:

- **Björk Þórarinsdóttir formaður**
- **Elín Hoe Hinriksdóttir varaformaður**
- **Ólafur Torfason gjaldkeri**
- **Elín Hrefna Garðarsdóttir meðstjórnandi**
- **Garðar Agnarsson meðstjórnandi**
- **Sigríður Stephensen Pálsdóttir ritari**
- **Þórdís Bragadóttir meðstjórnandi**

Varamenn

- **Kristjana Ólafsdóttir**
- **Arndís Sævarsdóttir**

Það má með sanni segja að starfsemi ADHD samtakanna á árinu 2011 hafi verið afar viðburðarík, þó aðeins hafi verið stiklað á því helsta hér.

Reykjavík 14. mars 2012

Björk Þórarinsdóttir
formaður stjórnar ADHD samtakanna

Ársskýrsla undirrituð af stjórn